

Árspaning ÍBA 2022

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021

Á ársþinginu í fyrra voru auk mín eftirtaldir aðilar kjörnir í stjórn:

Varaformaður, Birna Baldursdóttir

Gjaldkeri, Ármann Ketilsson

Ritari, Inga Stella Pétursdóttir

Meðstjórnandi, Erlingur Kristjánsson

Varamenn stjórnar eru Jón Steindór Árnason og Ómar Kristinsson.

Þessi stjórn situr enn óbreytt í dag.

Á árinu 2021 voru haldnir 11 stjórnarfundir, ásamt mörgum öðrum minni fundum sem ýmist framkvæmdastjóri, formaður eða fleiri úr stjórn sátu.

Aðildarfélag ÍBA voru 21 talsins. Eitt þeirra átti stórafmæli á árinu 2021 en Skíðafélag Akureyrar varð 20 ára, auk þess sem KKA varð 25 ára. Á þessu ári verða svo nokkur stórafmæli, Hjólreiðafélagið verður 10 ára, Sundfélagið Óðinn verður 60 ára, Skotfélagið 55 ára og nágrennarnir Skautafélag Akureyrar og Svifflugfélag Akureyrar verða bæði 85 ára.

Líkt og hjá flestum eða öllum aðildarfélögum setti Covid mikinn svip á starfsemi bandalagsins annað árið í röð. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður lét þó íþróttafólk ástandið ekki á sig fá. Þvert á móti var gripið til ýmissa ráða til að leysa úr flókinni stöðu. Tíminn í faraldrinum var nýttur til að leggja grunn að framtíðinni og við munum uppskera á þessu ári þar sem ýmsir frábærir viðburðir verða að veruleika.

Um áramótin 2020-2021 tók Akureyrarbær af okkur liðinn „Húsaleiga og æfingastyrkir hjá þriðja aðila“ en þar var um að ræða styrk að upphæð 5,2 milljónir á ári sem fóru til KFA, Akurs og Karatefélagsins. Þetta hefur augljóslega komið illa við þessi félög og nú er orðið lífsnauðsynlegt að finna varanlegar lausnir fyrir þær greinar sem eru hreinlega á götunni.

Hátíðin Íþróttamaður Akureyrar var haldin í Hofi í janúar í Covid aðstæðum en þar voru þau Viktor Samúelsson og Aldís Kara Bergsdóttir krýnd sigurvegarar. Þessi hátíð hefur orðið glæsilegri með hverju árinu og því fylgir ákveðinn glæsileiki að hátíðin fari fram í stóra salnum í Hofi.

ÍBA ásamt Akureyrarbæ fékk N4 til að gera þættina „Íþróttabærinn Akureyri“ og urðu úr hinir glæsilegustu þættir. Þeir urðu að lokum fimm talsins en markmið þáttanna var að draga fram þá gríðarlega fjölbreyttu íþróttafloðu sem við búum við hér á Akureyri.

Fræðslumálin: Samstarf ÍBA, ÍSÍ og Akureyrarbæjar. KÁF fyrirlestur var haldinn í desember en þar var á ferðinni fræðslufyrirlestur fyrir þjálfara, stjórnarmenn, starfsmenn og foreldra um kynferðislega áreitni.

Stóðum fyrir kynningu á Samskiptafulltrúa ÍSÍ í október.

Nú þegar Covid er að baki munu fræðslumálin aftur færast í eðlilegan farveg og sem dæmi var fyrirlesturinn Karlmennskan í boði núna í mars. Vil ég nota þetta tækifæri og hvetja ykkur forsvarsfólk aðildarfélaganna að vera duglega við að

benda okkur á áhugaverða fyrirlesta eða fræðslu sem nýst getur mörgum félögum.

Hópur um sameiningarmál hefur verið að störfum og átti hann nokkra fundi á síðasta ári og hefur undirritaður verið þar fulltrúi ÍBA. Þó lítið hafi orðið af sameiningum þá hefur maður lært að hér er um langhlaup að ræða en það eru í gangi formlegar og óformlegar viðræður á milli ýmissa félagar í dag.

Samskipti okkar við ÍSÍ og UMFÍ eru töluverð og margir fundir því tengdu. Formannafundir ÍSÍ eru haldnir reglulega og ýmsir minni fundir nokkuð reglulega. Íþróttaping ÍSÍ var haldið rafrænt í maí en fundi var svo frestað og haldið áfram í raunheimum í desember síðastliðnum en undirritaður sat m.a. í fjárhagsnefnd hjá ÍSÍ fyrir þingið og á þinginu. Margt áhugavert var rætt á þinginu, m.a. var samþykkt tillaga um skilgreiningu á rafíþróttum, samþykkt ný afreksstefna ÍSÍ, skipting lottófjár (nánar að því hér rétt strax) ásamt mörgu fleiru.

Það sama gildir með UMFÍ, en við sem sagt urðum aðilar að UMFÍ árið 2019, þar sitjum við hina ýmsu fundi auk þess sem við tókum þátt í stefnumótun UMFÍ sem fram fór í fyrra en sú vinna stóð yfir allt síðasta ár og fram að sambandsþingi UMFÍ sem haldið var á Húsavík og stóð frá föstudegi til sunnudags í október. Þetta var sögulegt þing en það sátu í fyrsta sinn þingfulltrúar frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Íþróttabandalagi Akraness og Íþróttabandalagi Akureyrar en bandalögin komu inn sem sambandsaðilar UMFÍ á þinginu 2019 eins og ég nefndi áðan. Meðal þess sem rætt var á þinginu var framtíð íþróttahéraða en nú eru uppi háværar raddir um sameiningu íþróttahéraða á Íslandi en þau eru 25 í dag,

þ.e. 7 íþróttabandalög og 18 héraðssambönd. Þá voru einnig líflegar umræður um rafíþróttir, þar sem sitt sýnist hverjum en hvað sem hverjum finnst þá er þar á ferðinni ört vaxandi íþróttagrein. Á þessu þingi var sömuleiðis rætt um skiptingu lottófjárs á milli ÍSí og UMFÍ en þau mál flæktust nokkuð með aðild íþróttabandalaganna að UMFÍ eru menn að reyna að finna lausnir á því máli. Til að gera langa sögu stutta var niðurstaðan á báðum þingum, hjá ÍSí og UMFÍ að koma á fót sameiginlegri nefnd sem á að skila af sér tillögum fyrir íþróttaping 2022.

Í desember 2020 gerði félagsmálaráðuneytið samkomulag við ÍSí og UMFÍ um 17 milljóna króna styrkveitingu. Samkomulagið fól annars vegar í sér þátttöku fulltrúa frá ÍSí og UMFÍ í stýrihópi á vegum félagsmálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir sem stuðlað geta að þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Áhersluhópur er börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu, þar með talið börn af erlendum uppruna. Tvö verkefni eru afurðir stuðningsins nú þegar. Fyrri afurðin er auglýsing þar sem vakin er athygli á mikilvægi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Hin er vefsíðan betrafelag.is sem er sameiginleg verkfærakista fyrir stjórnendur hjá íþrótt- og ungmennafélögum.

Heimasíðunni betrafelag.is er ætlað að vera þjónustu- og upplýsingavefur fyrir starfsemi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Markhópur síðunnar er stjórnendur, starfsfólk og sjálfboðaliðar íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Stefnt er að opnun heimasíðunnar betrafelag.is haustið 2022.

Eitt af samstarfsverkefnum UMFÍ og ÍSÍ er Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenni af erlendum uppruna.

Undir merkjum verkefnisins má finna bæklinga með hagnýtum upplýsum um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins. Bæklingar með þessum upplýsingum eru aðgengilegir á ensku, pólsku, taílensku, litháísku, filippseysku, víetnömsku, arabísku og spænsku.

Fulltrúi ÍBA fór svo í ferð til Noregs á vegum UMFÍ til að kynna sér starfsemi stærsta íþróttahéraðsins þar í landi. Það var Ingi Þór Ágústsson, yfirþjálfari hjá Óðni sem fór fyrir hönd ÍBA og ætlaði hann að segja okkur frá því helsta úr ferðinni hér á þinginu en forfallaðist.

Því miður hefur málum fjölgað á undanförunum árum sem snúa að einelti og kynferðislegu áreiti. Sú breyting hefur orðið til batnaðar að nú erum við með sitt hvorn vettvanginn til aðstoða okkur í þessum erfiðu málum, annars vegar hjá ÍSÍ og hins vegar hjá UMFÍ.

Hjá ÍSÍ er það Samskiptaráðgjafinn en Sigurbjörg Sigurpálsdóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Hjá UMFÍ er það svo Æskulýðsvettvangurinn, en hann er samstarfsverkefni UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og K og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Í fyrra vorum við með tvö mál í gangi, eitt á hvorum vettvangi.

Í september árið 2021 skrifaði forsvarsfólk ÍSÍ og UMFÍ undir samning við fulltrúa fyrirtækisins Abler um gerð á nýju rafrænu félagakerfi fyrir íþróttahreyfinguna. Kerfið leysir af hólmi starfsskýrsluskil í Felix og nú í vor skilar íþróttahreyfingin starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 í nýju kerfi.

Fulltrúi ÍBA situr alla fundi Frístundaráðs eða Fræðslu- og lýðheilsuráðs og fylgjum þar eftir öllum málum sem snúa að íþróttahreyfingunni. Telst mér til að þetta hafi verið í kringum 15 fundir í fyrra.

ÍBA hélt utan um Covidgreiðslur til íþróttafélaganna frá ÍSÍ. Um var að ræða tvískiptar greiðslur, annars vegar almennar aðgerðir og hins vegar svokallaðar sértækar aðgerðir. Í sértæku aðgerðunum var horft til tekjumissis vegna mótahalds og viðburða sem hætta þurfti við. Alls fengu íþróttafélög innan ÍBA tæplega 50 milljónir króna út úr þessum fjárveitingum, þ.e. 19,5 milljónir í maí 2020, 19,3 milljónir í mars 2021 og svo um 10 milljónir vegna sértæku aðgerðanna.

ÍBA heldur utan um hinar ýmsu styrktargreiðslur til aðildarfélaganna, sbr. Lottógreiðslur, rekstrarstyrki frá Akureyrarbæ, afrekssjóðinn, ferðasjóðinn og jafnréttissjóðinn svo eitthvað sé nefnt.

Við reynum að mæta á alla aðalfundi íþróttafélaganna og vil ég minna ykkur á að senda okkur alltaf fundarboð á aðalfundina ykkar.

Sit fyrir hönd ÍBA í vinnuhópi hjá Þór um skipulagsmál.

Sem fyrr sjáum við um allar tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum á Akureyri.

Hegðunarviðmið og siðareglur eru aðgengilegar á heimasíðu okkar og þannig fram sett að það er einfalt fyrir aðildarfélögin að aðlaga þau og gera að sínum.

Flest ykkar vitið líklega af veikindum framkvæmdastjórans okkar, Helga Rúnars, en hann greindist með krabbamein í hálsi síðastliðið sumar. Helgi hefur reynt sitt besta til að sinna sínu starfi með veikindunum en þar sem að hér eru á ferðinni alvarleg veikindi er ekki hægt að ætlast til þess að hann nái að sinna sínu starfi nema að hluta til. Miðað við það sem ég hef farið yfir hér að framan tel ég starfsemi bandalagsins hafa gengið nokkuð vel á síðasta ári þrátt fyrir þetta áfall sem Helgi varð fyrir, en hann er sem kunnugt er eini starfsmaðurinn okkar. Við trúum því og treystum að nú sé bjart framundan hjá Helga í hans veikindum og að við endurheimtum hann fullfrískan áður en langt um líður.

Ég vil að lokum fyrir hönd stjórnar og framkvæmdastjóra ÍBA þakka fulltrúum aðildarfélaga okkar, fulltrúum og starfsmönnum Fræðslu- og lýðheilsuráðs og

bæjarráðs, ÍSÍ og UMFÍ kærlega fyrir ánægjulegt samstarf og megi svo áfram verða.